

FUNDARGERÐ KJÖRNEFNDAR LÍFSVERKS LÍFEYRISSJÓÐS

Kjörnefnd Lífsverks lífeyrissjóðs kom saman til fundar, föstudaginn 1. apríl 2022, kl. 14:30

Var fundurinn haldinn með rafrænum hætti.

Mætt voru: Kristín Edwald formaður, Daníel Isebarn Ágústsson og Elísabet Árnadóttir.

Efni fundarins var að úrskurða um framboð til stjórnar sjóðsins, þ.e. þau sæti stjórnar sem kosið verður um árið 2022. Kjósa skal um eitt sæti, óháð kyni.

Framboðsfresti lauk 29. mars síðastliðinn. Tvö framboð bárust. Framboðunum fylgdu tilskilinn fjöldi meðmælenda, það er a.m.k. fimm en ekki umfram tíu. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins eru frambjóðendur og a.m.k. fimm en ekki umfram tíu meðmælendur þeirra félagar í sjóðnum.

Er framboðsfresti lauk var annar frambjóðandinn, Georg Lúðvíksson, ekki sjóðfélagi þar sem hann hafði ekki greitt iðgjöld til samtryggingardeildar sjóðsins sbr. grein 3.4 í samþykktum Lífsverks. Eftir að hafa fengið ábendingu varðandi framangreint bætti Georg úr því. Þar sem Georg er nú sjóðfélagi og verður því á kjörskrá þegar kosning fer fram er hann sömuleiðis kjörgengur skv. greinum 15.1 og 15.2 í samþykktum sjóðsins.

Með vísan til framangreinds úrskurðaði kjörnefnd að framboðin væru gild.

Frambjóðendur til þess sætis í stjórn sjóðsins sem kosið verður um árið 2022 eru:

Bergur Ebbi Benediktsson, kt. 021181-5449

Georg Lúðvíksson, kt. 070376-4909

Formanni var falið að undirrita fundargerð fyrir hönd kjörnefndar.

Fleira gerðist ekki. Fundi var slitið kl 15:05.

Kristín Edwald